



A myndinni má sjá nokkra af aðstandendum sýningarinnar. Frá vinstri: Jóhannes Jóhannesson, Bragi Ásgeirsson, Jón Benediktsson, Ragnar Kjartansson, starfsstúlka Listasafnsins, dr. Selma Jónsdóttir forstöðumaður Listasafnsins, Kristján Davíðsson og Valtýr Pétursson

Þeir heppnu fá málverk í vinning

I dag fimmtudag verður opnuð í húsa- kynnum Listasafnsins í Þjóðminjasafni listsýning til styrktar Vestmannaeyjasöfnun. Er sýningin haldin á vegum Listasafns Íslands og Félags Íslenskra myndlistarmanna.

A sýningunni eru alls 80 verk eftir 45 listamenn. Eru þetta málverk, höggmyndir, vatnslitamyndir, grafikmyndir og listvefnaður. Höfundarnir eru á öllum aldri og jafnt félagar í FIM sem utanfélagsmenn. Þeir hafa

allir gefið myndirnar á sýninguna, og einnig hefur öll vinna við hana verið gefin.

Þessi sýning er allnýstárleg fyrir það að sýningarskrá sem kostar 100 krónur gildir sem happdrættismiði. Vinningar eru fimm málverk — 2 eftir Kjarval, 1 eftir Finn Jónsson og eitt eftir Jón Engilberts. Kjarvalsmyndirnar eru gjöf til sýningarinnar frá manni sem ekki vill láta nafns sins getið.

Þá er einnig sérstætt við þessa sýningu að ekki er fast verð á myndum, heldur er sett á þær lágmarksverð sem er

mjög stillt í hóf; síðan geta menn gert tilboð í myndirnar. Verða tilboðin opnuð að sýningunni lokinni. Auglýsingarplakat hefur verið gert í tilefni sýningarinnar, og gefst fólki kostur á að eignast það fyrir 200 krónur. A því er mynd eftir Kristján Davíðsson.

Aðgangur að sýningunni er ókeypis, og að því er aðstandendur hennar segja eru allir Íslendingar velkomnir. Sýningin verður opnuð klukkan fjögur í dag og stendur fram á sunnudagskvöld. Verður hún opin frá 13.30 til 22 á föstudag, laugardag og sunnudag. —PH

Búsetuleyfi til hermanna voru stöðvuð

Utgáfu búsetuleyfa til handa hermönnum Bandaríkjahers sem dvelja hér á landi hefur nú verið hætt, um stundarsakir að minnsta kosti. Þetta er gerl til að rýma húsnæði fyrir Vestmannaeyinga

Jóhann Einvarðsson bæjarstjóri í Keflavík sagði blaðinu í gær, að fundur hefði verið haldinn með fulltrúum hersins, varnarmálanefndar og sveitarfélaganna á Suðurnesjum á þriðjudag.

Herinn vinnur enn að því að kanna ýmsar leiðir til að rýma húsnæði og hafa hernaðaryfirvöld átt beinar viðræður við nokkuð af því fólki sem í byggðunum kring um herstöðina býr, og er hér á þeirra vegum.

Eins og að framan segir hefur útgáfu búsetuleyfa til handa starfsmönnum hersins verið hætt, en slíkt kemur ekki að fullum notum nú, þar eð aðal-flutningatími þessa fólks er að vorinu til og á haustin. Þó munu af þessum sökum losna rúmlega 30 íbúðir í þessum mánuði og þeim næsta.

Að sögn Jóhanns kemur þetta þó að takmörkuðu gagni nú, þar sem Keflvíkingar hyggjast leysa vanda þessa fólks fyrst og fremst til bráðabirgða, og mest ásókn í húsnæði er einmitt meðan vetrarvertíðin stendur.

Þegar hefur rúmlega hundrað Eyjafjölskyldum verið útvegað húsnæði á Suðurnesjum, en vandi margra er enn óleystur og mikið af óskum eftir húsnæði liggur fyrir hjá fyrirgreiðsluskristofunni í Keflavík.

Margir Vestmannaeyingar

hafa þegar fengið vinnu í Keflavík eða nágrannabæjunum, og sagðist Jóhann ekki vita til þess að nokkrir þeir, sem beðið hefðu fyrirgreiðsluskristofuna að útvega sér atvinnu, hefðu ekki fengið hana. — úþ.



Jón Ásgeirsson formaður Einingar

Frestur til að skila framboðum vegna stjórnarkjörs í verkalyðsfélaginu Einingu á Akureyri rann út á hádegi í gær. Aðeins einn listi kom fram, og var formannskandidat Jón Ásgeirsson, sem tók við formennsku af Birni Jónssyni fyrir nokkrum vikum.

Listinn sem fram kom var þannig skipaður:

Formaður Jón Ásgeirsson, varaformaður Ruth Björnsdóttir ritari Þorsteinn Jónatansson, gjaldkeri Vilborg Guðjónsdóttir og meðstjórnendur þau Auður Guðjónsdóttir, Björn Gunnarsson og Jósep Sigurjónsson.

Aðalfundur félagsins verður haldinn 25. febrúar, og verður þá lýst stjórnarkjöri. — úþ.

Rógi Alþýðublaðsins svarað

8,8% hækkun lyfja í stað 22,90% sem opinber nefnd lagði til

— Frumvarp næstu daga um einkarétt ríkisins á heildsölu lyfja

„Ráðuneytið og ríkisstjórnin hafa spornað við verðhækkunum á lyfjum, sem sést best á því, að lokaákvörðun veitti aðeins leyfi til hækkunar er nam 8,87%, meðan nefnd, sem þó er að meirihluta skipuð fulltrúum opinberra aðila, gerði tillögur um allt að 22,9% verðhækkun á lyfjum“.

Svo segir í tilkynningu þeirri frá heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu, sem fylgir hér á eftir, en hún er send út í tilefni af rögskrifum Alþýðublaðsins í gær um lyfsölumálin.

Hér fer á eftir tilkynning ráðuneytisins:

Vegna þeirra ummæla, sem birzt hafa í dagblöðum varðandi verðhækkun á lyfjum vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram.

Samkvæmt 28. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 sér fimm manna lyfjaverðlagsnefnd um samningu lyfjaverðskrár og breytingar á henni. Ráðherra skipar nefndina samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

1. Hagstofu Íslands
2. Landlæknis
3. Tryggingastofnunar ríkisins
4. Lyfjafræðingafélags Íslands
5. Apótekarafélags Íslands

Þannig er nefnd þessi að meirihluta skipuð af opinberum aðilum.

Í fyrrnefndri lagagrein eru talin upp þau atriði, er skulu vera grundvöllur lyfjaverðlags.

1. Innkaupsverð á lyfjum og lyfjaefnum.

2. Laun og kjör starfsfólks í lyfjabúðum, enda séu þau í samræmi við laun og kjör launþega með sambærilega menntun og við sambærileg störf.

3. Eðlilegur meðalrekstrar- kostnaður lyfjabúða samkvæmt rekstrarreikningum þeirra og öðrum nauðsynlegum gögnum.

Lyfjaverðlagsnefnd hefur unnið að endurskoðun reiknigrundvallar og skilaði greinargerð þar að lútandi 9. júní 1972, ásamt tillögu um 14,84% hækkun lyfjaverðs á tímabilinu 1/8 1972—1/8 1973. Þessari tillögu nefndarinnar var hafnað með ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Verð ekki hækkað síðan 1970

Reiknigrundvöllur lyfjaverðlagsnefndar er byggður á rekstrar- skýrslum lyfjabúða fyrir árið 1970, en hinn 1. nóvember það ár voru síðast leyfðar verðhækkunar á lyfjum.

Eftir að synjað hafði verið um leyfi til verðhækkunar s.l. sumar, vann lyfjaverðlagsnefnd að athugun á þeim kostnaðarhækkunum, sem eftir fylgdu og með bréfi og greinargerð til ráðuneytisins dags. 27. desember 1972 skilaði nefndin tillögum í formi 3ja valkosta allt eftir því hvort taka bæri tillit til seinkana á verðhækkunum að öllu, einhverju eða engu leyti. Valkostirnir voru:

1. 22,90% verðhækkun á lyfjum á tímabilinu 1. janúar—31. desember 1973.

2. 17,29% verðhækkun á tímabilinu 1. jan.—31. des. 1973.

3. 11,95% verðhækkun ótímabundið.

Einungis lyf framleidd hér hækku nú

Þessar tillögur voru kannaðar ítarlega í ráðuneytinu og hjá ríkisstjórninni og varð niðurstaðan sú að leyfa skyldi verðhækkun er næmi 8,87%. Þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar fylgdi skilyrði um að verðhækkun þessi kæmi einungis á lyf samkvæmt Lyfja- verðskrá I, en í henni er greint verð á hráefnum og lyfjum, sem framleidd eru innanlands. Hins vegar var engin hækkun leyfð á Lyfja- verðskrá II, en í henni er greint verð á erlendum sérlyfjum. Það sjónarmið lá að baki, að samkvæmt greinargerð lyfja- verðlagsnefndar var tap á sölu lyfja framleiddra innanlands. Með því að halda verði niðri á innlendri framleiðslu væri hætta á samdrætti.

Skýringin á þeirri tölu, sem nefnd hefur verið í dagblöðum þ.e.a.s. 52,5% verðhækkun er þessi:

Í verðlagsgrundvelli lyfja er vægi Lyfjaverðskrár I aðeins tæp 30% og með því að heildarverðhækkun er nemur 8,87% leggst einungis á Lyfjaverðskrá I þarf hún að hækka um 30,34%.

Eins og fram kemur í auglýsingu ráðuneytisins í Lögbirtinga- blaði nr. 10 2. febrúar 1973 er álagið á Lyfjaverðskrá I ákveðið 52,5%. Er það fundið með því að leggja 30,34% á það álag (17%),

sem í gildi var fram að 26. janúar s.l.

Að framangreindu má það vera ljóst að ráðuneytið og ríkisstjórnin hafa spornað við verðhækkunum á lyfjum, sem sést best með því að lokaákvörðunin veitti aðeins leyfi til hækkunar, er nam 8,87%, meðan nefnd, sem þó er að meirihluta skipuð fulltrúum opinberra aðila, gerði tillögur um allt að 22,90% verðhækkun á lyfjum.

Ráðuneytið vill að þessu tilefni gefnu einnig taka fram að í samræmi við stefnumark ríkisstjórnarinnar um „að endurskipuleggja lyfjaverzlunina, með því að tengja hana við heilbrigðis- þjónustuna og koma henni undir félagslega stjórn“, hefur starfað nefnd, sem skipuð er eftirtöldum mönnum:

Almari Grimssyni, deildar- stjóra, sem er formaður nefndarinnar, Arna Einarssyni, framkvæmdastjóra, Reykjalundi, Einar Benediktssyni, lyfjafræðingi, Kjartani Jóhannssyni, verkfræðingi og Steingrími Kristjánssyni, lyfsala. Nefndin var skipuð í febrúar 1972 og hefur stöðugt starfað síðan. Í nóvember s.l. skilaði nefndin tillögum í 2 laga- frumvörpum með greinargerð.

Frumvarp væntanlegt um einkarétt ríkisins á heildsölu lyfja

Híð fyrra, frumvarp til laga um Lyfjastofnun ríkisins fjallar um innflutning og heildsölu lyfja. Með því er m.a. gert ráð fyrir að ríkið hafi einkarétt á heildsölu lyfja og innflutningi og

útflutningi hráefna til lyfjagerðar. Þá er gert ráð fyrir að Lyfja- stofnun hafi á hendi upplýsinga- skyldu og skýrslugerð varðandi lyfjanotkun.

Híð síðara er frumvarp til laga um lyfjaframleiðslu. Auk þess að fjalla um faglegar kröfur varðandi framleiðslu lyfja, er ríkinu gefin heimild, samkvæmt frumvarpinu, til að stofna fyrirtæki um lyfjaframleiðslu ásamt lyfsölum og lyfjafræðingum, þannig að ríkið eigi helming fyrirtækisins, en félag, sem lyfsalar og lyfjafræðingar mynda, hinn eignarhelminginn. Með þessu frumvarpi er stefnt að fækkun framleiðslustaða og þar af leiðandi mjög aukinni hagkvæmni í rekstri. Ennfremur eru hinar faglegu kröfur frumvarpsins þess eðlis að framleiða má hérlandis mun meira af lyfjum en hingað til og auka þannig hlutdeild innlendrar lyfjaframleiðslu á verðlagsgrundvelli og lækka þannig lyfjaverðið á óbeinan hátt.

Lyfjamálanefndin vinnur enn að tillögugerð um smásölu lyfja og rekstur lyfjabúða og er þess að vænta að frumvarp liggi fyrir um þann þátt innan tveggja mánaða. Nefndin hefur lýst því yfir að hún fylgi í megindrættum þeirri stefnu að staðsetja lyfjabúðir í nánú samræmi við heilsugæzlu héraða víðs vegar um landið. Þess er og að vænta að með tillögum nefndarinnar verði eftirlit og aðhald hins opinbera með lyfjabúðum mjög aukið frá því sem nú er.

Í heild eru tillögur nefndarinnar þess eðlis að með þeirri skipan mála, sem vænta má, ef þær verða að lögum, skapist sterk tengsl við heilbrigðisþjónustuna, hagkvæmni aukist verulega og stjórn hins opinbera á þessum viðamikla málaflokki verði mjög til hagsbóta og aukins öryggis fyrir almenning.